

## Reglur Fótspor ehf. um ritstjórnarlegt sjálfstæði

Starfskilyrði starfsmanna og verktaka Fótspors ehf. við að framfylgja ritstjórnarstefnu fjölmiðlaveitunnar. Ritstjórnarstefna Fótspor ehf. felst í því að flytja fréttir og efni tengt þeim af innlendum og erlendum vettvangi sem talið er að eigi erindi við almenning af eins mikilli sanngirni og óhlutdrægni sem hægt er í samræmi við aðstæður. Leitast skal við að fá upplýsingar frá öllum aðilum og reyna kynna þeirra sjónarmið sem jafnast.

Aldrei má stöðva frétt sem mun hafa óhjákvæmileg áhrif, hvort sem er til góðs eða ills fyrir einhverja aðila.

Ritstjórnarstefna Fótspors ehf. skal vera sjálfstæð á þann hátt að hún er laus við áhrif frá hagsmunaöflum, stjórn málaöflum eða öðrum öflum sem gæti grafið undan ritstjórnarlegu sjálfstæði.

Aðilar sem vinna fyrir Fótspor ehf. skulu ávalt gæta fyllstu mögulegu hlutlægni í störfum sínum og mega ekki láta persónulegar skoðanir sínar eða hagsmuni hafa áhrif á störf sín.

Fréttamenn skulu gæta fyllstu sanngirni gagnvart málefnum og mönnum sem um er fjallað. Fréttamenn skulu forðast að fjalla um mál sem þeir eru tengdir á einhvern hátt, pólitískt, persónulega eða fjárhagslega, þannig að um hagsmunaárekstra eða meinta hagsmunaárekstra gæti verið að ræða. Ef vafi leikur á um hagsmunaárekstra hjá aðila ber honum að láta ritstjóra vita og ritstjóri tekur ákvörðun hvort viðkomandi geti haldið áfram að vinna við fréttina.

Fréttamenn skulu ætíð láta viðmælendur vita að þeir vinni hjá Fótspor ehf. og láta viðmælendur vita fyrirfram að samtal sé tekið upp. Óheimilt er að birta ummæli aðila ef hann vissi ekki að þau voru hljóð eða myndrituð nema ummælin hafi verið viðhöfð á opinberum vettvangi.

Gæta skal þess að heimildir séu sem áreiðanlegastar. Virða ber trúnað við heimildarmenn er viðkemur nafnleynd þeirra og trúnaðarupplýsingar. Birting upplýsinga í öðrum fjölmiðlum leysir starfsmenn og verktaka Fótspors ehf. ekki undan því að þurfa meta upplýsingarnar á gagnrýninn hátt. Fréttamenn þurfa að hafa í huga og vara sig á hugsanlegum tengslum milli veittra upplýsinga og hagsmuna heimildarmanna við vinnslu á frétt.

Fréttamenn mega ekki mismuna eða hvetja til fordóma á nokkurn hátt,

Fréttamenn ber sýna fyllstu tillitsemi við vinnslu fréttar og virða þá meginreglu þegar um sakamál sé að ræða að hver maður skuli talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð.

Ef fréttamenn gera sig seka um mistök eða skýra rangt frá ber þeim að leiðrétta þau svo fljótt sem auðið er á sambærilegum vettvangi og biðjast afsökunar á mistökunum. Aldrei skal reyna að fela, breiða yfir eða draga úr mistökum eða rangfærslum.

Gæta skal þess þegar viðtöl eða önnur ummæli aðila eru stytt í vinnslu fréttar og tengds efnis að þau verði ekki slitin úr samhengi og verði óljós eða villandi. Vegna val á fréttamyndum skal þess gætt að þær gefi sem raunverulegustu mynd af atvikum.

Fréttamenn skulu ætíð hafa í huga og fara eftir viðurkenndum siðareglum blaða og fréttamanna.

Fréttamönnum er með öllu óheimilt að þiggja greiðslur frá utankomandi aðilum, í hvaða formi sem er, fyrir störf sem þeir vinna sem fréttamenn fyrir fjölmiðlaveituna Fótspor ehf.

Fréttamönnum er ekki heimilt að nota sér starf sitt eða aðstöðu sér til tekna eða ávinnings.

Fréttamönnum ber að gera skýra grein fyrir öllum aukastörfum á sviði fjölmiðlunar hvað svo sem það er og fá leyfi ritstjóra áður en þeir taki slík störf að sér. Leyfi verður ekki veitt ef um er að ræða aukastarf sem gæti skaðað möguleika fjölmiðlaveitunnar Fótspor ehf. til gagnrýnnar fréttaoöflunar eða skapi óeðlileg tengsl við fyrirtæki, stofnanir, samtök eða einstaklinga sem ætla að má að þurfi að fjalla um.

Beinar auglýsingar mega ekki birtast í fréttum. Varast skal óbeinar auglýsingar í fréttum.

Persónulegar eða stjórnmalalegar skoðanir eiganda eða útgefanda fjölmiðlaveitunnar Fótspor ehf. á ekki að hafa áhrif á daglegt fréttamat eða skoðanir eða efnistöð fréttamanna Fótspors ehf.

Þetta tekur til ákvarðanna varðandi frétt í því tilliti hvaða frétt skal fjalla um, hvernig umfjöllunin verður og hvar fréttin mun birtast hjá fjölmiðlaveitunni. Eingöngu ritstjórar og fréttarmenn skulu ákveða það, þó ritstjóri hafi alltaf endanlegt ákvörðunarvald varðandi hvort og hvar fréttin skuli birtast.

Eigandi eða útgefandi mega þó koma með uppástungur varðandi fréttæfni eða koma sínu áliti á framfæri, en þeir hafa ekkert ákvörðunarvald hvort og hvernig fjallað er um frétt.

Fastráðnir ritstjórar eða blaðamenn verður ekki sagt upp störfum án skriflegrar skýringar og eru þær skýringar ekki einkamál blaðamanns og útgáfunnar nema blaðamaður óski þess sérstaklega. Að öðru leyti gilda almennar reglur vinnumarkaðarins um áminningu og uppsögn starfsmanna.

Ritstjórnir skulu bera virðingu fyrir þeim landslögum sem umfjöllunarefni eða nálgun þess getur átt við, til að mynda reglum um friðhelgi einkalífs og reglum um meiðyrði.